

Framboð til kirkjuþings

Ingimar Helgason

2. kjördæmi vígðra
Skálholtskjördæmi

Ég heiti Ingimar Helgason og ég býð mig fram til setu á kirkjuþingi fyrir komandi kjörtímabil.

Ég er sóknarprestur í Kirkjubæjarklaustursprestakalli en þangað vígðist ég til þjónustunnar í nóvember árið 2019. Síðan þá hef ég setið í nokkrum nefndum og sinnt trúnaðarstörfum innan Þjóðkirkjunnar. Meðal þeirra nefnda sem ég hef setið í er jafnréttisnefnd þjóðkirkjunnar bæði sem nefndarmaður, þá óvígður, og síðar annar tveggja jafnréttisfulltrúa. Frá 2021 hef ég verið í héraðsnefnd Suðurprófastsdæmis. Um tíma var ég ritari í Prestafélagi Suðurlands og einnig í ritnefnd Kirkjuritsins. Nú síðast sat ég í samninganefnd um leigumál presta á prestssetrum og ég var varamaður á kirkjuþingi kjörtímabilið 2022-2026.

Málefni kirkjunnar hafa alltaf skipt mig miklu máli og mér er annt um að kirkjunni vegni vel. Ég hef gert mitt besta til þess að fylgjast með gangi mála á kirkjuþingi og reynt að setja mig inn í þau mál sem þangað berast.

Ég tel að kirkjuþing þurfi að móta sér skýra og sterka framtíðarsýn sem mun móta allt starf kirkjunnar og stuðla að uppbyggingu hennar um allt land. Sterk og skýr framtíðarsýn hjálpar kirkjuþingi að setja, bæta og breyta á markvissan hátt lögum og reglum sem við munum fylgja næstu árin og áratugin.

Ég hef þungar áhyggjur af þeim prestaskorti sem hefur þróast úti á landsbyggðinni og við honum þarf að bregðast af fullri alvöru. Ég tel að stærsti hluti af því viðbragði sem þarf að fara í sé án efa að hætta að selja jarðir og eignir/prestssetur sem kirkjan á og þess í stað leita leiða til þess að endurnýja húsnæðin. Sé það ekki hægt þá þarf vissulega að selja þau prestssetur sem fyrir eru en þá þarf að ganga úr skugga um að ný og hentugri húsnæði verði keypt á sama svæði.



Ég mun beita mér fyrir því að kirkjuping leiti allra leiða til að styðja betur við sóknirnar og aðstoða á hvern þann hátt sem hægt er. Fjölmargar sóknir allt í kringum landið eru að berjast í bökkum við að halda uppi þjónustu og viðhaldi á kirkjum og safnaðarheimilum. Hér þarf kirkjuping að beita ríkið þrýstingi varðandi leiðréttingu sóknargjalda svo sóknirnar geti haldið áfram að halda úti lögbundinni þjónustu.

Ég vil líka beita mér fyrir því að kirkjuping leiti leiða til þess að hjálpa sóknum að fá starfandi organista, enda vitum við að lífandi tónlist er lífæð sem við megum ekki missa frá kirkjunni.

Nú hef ég talið upp helstu málefni sem ég stend fyrir en þó langt því frá öll. Verði mér treyst fyrir því hlutverki að sitja komandi kjörtímabil á kirkjupingi mun ég leggja mig allan fram til þess að sinna því af heilum hug og gera mitt besta fyrir kirkjuna okkar.

Ég vil verða rödd á kirkjupingi og til þess að svo verði óska ég eftir þínum stuðningi.

Með kærri kveðju,

Ingimar Helgason,
sóknarprestur í Kirkjubæjarklaustursprestakalli